

Nefndasvið Alþingis
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu smærri fyrirtækja (30. mál)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar 25. október síðastliðinn um umsögn um ofangreint mál, á þingskjali 30.

FA telur þær tillögur sem í þingsályktunartillöggunni felast almennt jákvæðar fyrir minni og meðalstór fyrirtæki, sem félagið hefur löngum verið talsmaður fyrir. FA vill beina sérstaklega sjónum að þeirri tillögu frumvarpsins að lækka tryggingagjald hjá smærri fyrirtækjum.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að því hafi verið fleygt að launagjöld á fyrirtæki séu ígildi níunda hvers starfs. FA leyfir sér að vísa til skýrslu, sem ráðgjafarfyrirtækið Intellecon vann fyrir félagið fyrr á árinu, en þar kemur fram að launatengd gjöld fyrirtækja hafa hækkað úr 13,48% í byrjun þessarar aldar, í 21,8% á þessu ári. Með öðrum orðum samsvöruðu launatengd gjöld af sjö starfsmönnum í byrjun aldarinnar launum þess áttunda. Í dag er þetta þannig að launatengd gjöld fimm starfsmanna samsvara launum þess sjötta. Mikil hækkun tryggingagjaldsins vegur þungt í þessum aukna launatengda kostnaði.

FA tekur því undir þá tillögu að gengið verði lengra í lækkun tryggingagjaldsins en lagt er til í fjárlagafrumvarpi næsta árs, eins og félagið hefur gert á öðrum vettvangi. Félagið telur raunar að það ætti að eiga við í tilviki allra fyrirtækja, ekki eingöngu þeirra minnstu.

Þingnefndinni til upplýsingar er umrædd skýrsla, *Hvað greiðir launagreiðandinn í raun? Próun síðustu ára*, send sem fylgiskjal við þessa umsögn.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á seinni stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen
Framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: *Hvað greiðir launagreiðandinn í raun? Próun síðustu ára. Skýrsla Intellecon ehf. fyrir Félag atvinnurekenda*